

REGLUGERÐ

um humarveiðar 1993.

1. gr.

Úthlutun aflamarks í humri á vertíðinni 1993 skal miðast við að heildaraflí verði 2400 lestir miðað við heilan humar sbr. þó 3. gr.

2. gr.

Bátum, sem aflamark hafa í humri skv. lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða er heimilt á árinu 1993 að stunda humarveiðar við Suður- og Suðvesturland frá og með 21. maí til og með 15. ágúst. Veiðisvæði markast að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í suðaustur frá Papey og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í vestur frá Malarrifsvita.

Óheimilt er að stunda veiðar á grynna vatni en 55 föðmum.

3. gr.

Við útreikning á humaraflamarki, þegar humar er slitinn um borð í fiskiskipi, verður ekki tekinn með þriðji stærðarflokkur, þ.e. humarhalar sem eru 6 g til 10 g að þyngd, enda fari hlutfall þess stærðarflokks ekki yfir 5% af humaraflamarki bátsins á vertíðinni.

Löggiltur vigtarmaður staðfesti á vigtarnótu hversu mikið magn af humri undir ofangreindum stærðarmörkum sé í hverri veiðiferð. Til að staðfesting vigtarmanns verði tekin til greina þarf staðfesting vigtarmanns jafnframt að berast Fiskistofu með aflaskýrslum.

4. gr.

Lágmarksstærð möskva í humarvörpu skal vera 80 mm. Óheimilt er að klæða pokann hlífðarneti að ofan og ennfremur er óheimilt að nota tvöfaldan poka. Skyld skal að nota legglugga, sem er a.m.k. 3×4 metrar að stærð úr 135 mm riðli, fremst á efra byrði vörpunnar.

Um frekari reglur um möskvastærðir og mælingar möskva vísast til reglugerðar nr. 38/1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

5. gr.

Þegar humarveiðar eru stundaðar er óheimilt að hafa önnur veiðarfæri en humarvörpu um borð í veiðiskipinu.

6. gr.

Ílát undir humar um borð í veiðiskipi skulu greinilega merkt skipinu og skal veiðidagur tilgreindur á því.

Um meðferð afla um borð í veiðiskipi vísast til ákvæða reglugerðar frá 30. apríl 1993, um meðferð, búnað og hreinlæti við vinnslu sjávarafurða.

7. gr.

Humarafla skal landað til vinnslu hjá viðurkenndri vinnslustöð hér á landi, sem hefur heimild til vigtunar humars sbr. reglugerð nr. 489/1990, um vigtun sjávarafla og reglugerð nr. 261/1992, um vigtun á humri.

Óheimilt er að frysta humar um borð í veiðiskipi.

8. gr.

Óheimilt er að stunda botnfiskveiðar með humarvörpu. Verði um óeðlilega fiskveiði að ræða þannig að aflaverðmæti botnfisksins sé svipað eða meira en verðmæti humarafla í tveimur samfelldum veiðiferðum er ráðuneytinu heimilt að svipta viðkomandi skip heimild til veiða.

9. gr.

Skylt er að hirða allan humar og fiskafla, sem fiskiskip fær í humarvörpu og reiknast fiskafli til botnfiskaflamarks skipsins. Verði aðili uppvís að því að henda humri eða fiski frá fiskiskipi varðar það tafarlausri sviptingu veiðileyfis. Skal botnfiski haldið aðgreindum eftir tegundum og veginn á löndunarstað skv. ákvæðum reglugerðar nr. 489/1990, um vigtun sjávarafla.

10. gr.

Heimilt er hverju skipi að flytja allt að 10% af aflamarki sínu í humri frá yfirstandandi fiskveiðiári til þess næsta.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild/aflamark í humri frá skipum, er hafa hærra aflamark en 20 lestir af slitnum humri, til skips er ekki hefur hlutdeild í humri fyrir, enda sé skipið, sem flutt er til, 165 brl. að stærð eða minna eða búið 700 hestafla aðalvél eða minni. Slíkur flutningur er háður því skilyrði, að skipið sem flutt er til, fái a.m.k. 10 lesta aflamark af slitnum humri. Að öðru leyti gilda ákvæði 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða um flutning aflamarks.

11. gr.

Útgerðum skipa er skylt að skrá afla í kvótaskýrslu til Fiskistofu. Þá er skipstjórum skylt að halda sérstakar afladagbækur, sem Fiskistofa leggur til, og skal upplýsingum skilað mánaðarlega til Fiskistofu. Vanskil á skýrslum samkvæmt þessari málsgrein varða sviptingu heimildar til veiða án frekari viðvörunar.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 19. og 20. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Getur ráðuneytið m.a. svipt skip heimild til veiða í tiltekinn tíma vegna brota á ákvæðum þessarar reglugerðar.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.